

21. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 14. apríl 2011, kl. 16.15, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Ragnheiður Thorlacius, ritari, og Gunnar Sigurðsson, almannatengslafulltrúi. Varaformaður, ritari og framkvæmdastjóri eru erlendis og boðuðu forföll sem og Sólveig Jónsdóttir, almannatengslafulltrúi.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Fundargerðir.

Fundargerð 20. fundar frá 17. mars sl. samþykkt.

2. Erindi Jóns Ágústs Reynissonar og Herdísar Styrkárstöttur, dags. 20. mars 2011.

Jón Ágúst og Herdísar fjalla í bréfi sínu um verðlaun og viðurkenningar á fimleikamótum til keppenda yngri en 10 ára og vísa í því efni til stefnu ÍSÍ í málefnum barna og unglunga og óska eftir svörum stjórnar við eftirfarandi spurningum:

Annars vegar, hvers vegna fer Fimleikasamband Íslands ekki eftir stefnu ÍSÍ um verðlaun og viðurkenningar í keppni barna yngri en 10 ára og hins vegar, hefur Fimleikasamband Íslands í hyggju að breyta þessu og fara eftir stefnu ÍSÍ og ef ekki, hvers vegna.

Málið rætt. Stjórn FSÍ þakkar erindið.

Eins og bréfitarar benda réttilega á kemur fram í stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um tilhögun íþróttauppheldis æskufólks innan íþróttahreyfingarinnar, þ.e. stefnu ÍSÍ um íþróttir barna og ungmenna, að í keppni barna 10 ára og yngri fái allir jafna viðurkenningu fyrir þátttöku. Á það skal hins vegar bent að hér er um að ræða stefnu en ekki reglur sem binda hendur aðildarfélög ÍSÍ og vísast í því sambandi til þess sem fram kemur í upphafi stefnunnar, „anda stefnunnar“, en þar segir „varðandi þau aldursmörk sem gengið er út frá í stefnunni þá verður að gera ráð fyrir ákveðnu svigrúmi og sveigjanleika vegna mismundi reglna sem gilda í hinum ýmsu íþróttagreinum og mismunar á þroskaferli milli kynja og einstaklinga.“ Þá skal tekið fram að framkvæmd og skipulag fimleikamóta einstakra aðildarfélaga, svokölluð innanfélagsmót, eru alfarið á ábyrgð og forræði viðkomandi félaga/deilda. Aldurstakmark keppenda á mót FSÍ er 9 ára aldur hjá báðum kynjum. Það skal tekið fram í lokin að reglur FSÍ um mótahald eru í endurskoðun og mun stjórn koma athugasemdum bréfitara á framfæri við þá sem vinna að þeirri endurskoðun. **Þá mun stjórn einnig kynna framkvæmdaráði og formannafundi erindið. Framkvæmdastjóra falið að senda framangreinda bókun til bréfitara**

3. Bréf tækninefndar karla í áhaldafimleikum (tk), dags. 12. apríl 2011. Samnorrænar æfingarbúðir.

Tk óskar eftir því við stjórn FSÍ að samnorrænar æfingarbúðir í fimleikum fyrir 14 ára og yngri verði settar inn á verkefnaskrá sambandsins. Fram kemur að verkefnið er liður í sameiginlegu átaki norrænu þjóðanna um uppbyggingu ungra fimleikamanna. Tk tekur fram í bréfi sínu að ekki er óskað eftir fjárhagslegum stuðningi við verkefnið að því undanskildu að aðstoð við verkefnið komi frá skrifstofu

sambandsins og verkefnisstjóra landsliða. Fram kemur að hinar sameiginlegu æfingarbúðir verði seinni partinn í júlí 2010 og standa yfir í 7-10 dagar.

Málið rætt. Stjórn þakkar tk erindið og lýsir yfir ánægju sinni með að unnið sé að uppbyggingu fimleika ungmenna og samþykkir erindi nefndarinnar. Verkefnið fer inn á verkefnaskrá FSÍ en án sérstakra fjárveitinga. Framkvæmdastjóra falið að kynna formanni tk afgreiðslu málsins.

4. Bréf tækninefndar karla í áhaldafimleikum (tk) dags. 28. mars 2011. Beiðni um greiðslu ferðakostnaðar fyrir fulltrúa Íslands á fundi um samvinnuverkefni Norðurlanda í uppbyggingu ungra fimleikamanna í Halmstad 16.-17. apríl nk.

Stjórn barst ofanritað erindi 31. mars sl. Í bréfi tk kemur fram að í tengslum við Norðurlandsmót drengja 14 ára og yngri, sem fram fer um næstu helgi í Noregi, verður haldinn fundur um fyrirhugaða samvinnu Norðurlandþjóða um uppbyggingu ungra fimleikamanna. Einnig kemur fram að fyrirhugað er að halda fund um sama efni í tengslum við Norðurlandamót unglinga sem haldið verður á Íslandi í apríl nk.

Málið rætt.

Stjórn samþykkir erindið og felur framkvæmdastjóra að kynna formanni tk afgreiðslu málsins.

5. Verkferlar um val þátttakenda landsliða og/eða annarra verkefna á vegum FSÍ í áhalda- og hópfimleikum.

Formaður kynnir málið. Fram kemur hjá formanni að með tillögunni sé eingöngu verið að skrásetja það vinnulag sem tækninefndir og stjórn eiga að vinna samkvæmt við val keppenda í landslið og/eða þátttöku í öðrum verkefnum á vegum FSÍ.

Málið rætt og verkferlarnir samþykktir með smávægilegum breytingum. Verkferlarnir verða kynntir á næsta framkvæmdaráðsfundi og formannafundi í vor. **Framkvæmdastjóra falið að senda verkferlana með fundarboði til framkvæmdaráðsmanna, sbr. lið 6.**

6. Fundur framkvæmdaráðs FSÍ.

Formaður kynnir að þriðjudaginn 26. apríl nk, kl. 19.30 er framkvæmdaráð FSÍ boðað til funda í húsakynnum ÍSÍ í Laugardal. **Framkvæmdastjóra falið að boða nú þegar til fundarins.** Framkvæmdaráð er skipað stjórnarmönnum FSÍ, embættismönnum FSÍ (framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra landsliða í áhaldafimleikum karla og kvenna) og formönnum allra nefnda FSÍ. Á fundinum verður m.a. á dagskrá: Kynning á verkferlum, sbr. lið 5 hér að framan, vinna við laga – og reglugerðarbreytingar, landsliðsverkefni í hópfimleikum, samskipti stjórnar og nefnda o.fl.

7. 16. alþjóðlega ungmennamót drengja í Berlín 2. apríl sl., val keppenda á mótið.

Mál þetta var áður á dagskrá stjórnar 3. febrúar sl., 17. mars sl. og 31. mars sl. Gerð var athugasemd við val keppenda á mótið og var síðast fjallað um málið og athugasemdir sem bárust stjórn á fundi 31. mars sl. Í framhaldi af því var bréfitara svarað formlega. Stjórn hefur borist bréf frá bréfitara, dags. 4. apríl sl., þar sem óskað er eftir að tekin verði afstaða til bréfsins á stjórnarfundi og bókað um afstöðu stjórnar.

Formaður vísar af fundi. Málið rætt. Stjórn FSÍ er ályktunarfær þegar formaður ásamt tveimur stjórnarmönnum er viðstaddir fund. Með vísan til þessa er máli þessu frestað til næsta fundar. Framkvæmdastjóra er falið að kynna bréfitara bókun þessa.

8. Tilnefnding tækninefndar karla í áhaldafimleikum (tk) um val á keppendur á Norðurlandamótið í áhaldafimleikum sem haldið verður í Gerplu 29. - 30. apríl 2011.
Tilnefning tk. er samþykkt. Framkvæmdastjóra er falið að kynna verkefnisstjórn landsliðsverkefna í áhaldafimleikum karla og kvenna og tk. afgreiðslu málsins.

Næsti fundur verður haldinn nk., kl.16.15.

Fundi slitið kl. 19.30

Ragnheiður Thorlacius,
ritar fundargerð.